

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnassýslu  
Dalbraut 12  
840 Laugarvatn


Reykjavík 24. maí 2019  
UST201905-113/B.S.  
10.04.02


**Efni: Breytingar á aðalskipulag Ásahrepps 2010 - 2022 – Jarðstrengslögn og tengivirki. Umsögn**

Vísað er til bréfs Skipulagsfulltrúa uppsveita Árnassýslu dags. 11. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreindar breytingar á aðalskipulagi Ásahrepps. Breytingarnar felast í því að gert er ráð fyrir 3 ha iðnaðarsvæði í landi Lækjartúns. Einnig er Selfosslína 2 felld út og gert ráð fyrir jarðstreng í hennar stað og verða 10 km strengsins innan Ásahrepps.

Fram kemur í greinargerð að ráðgert sé að leggja jarðstrenginn samsíða Suðurlandsvegi þar sem farið verður um landbúnaðarland. Niðurrif háspennulínunnar vegur væntanlega upp að hluta sjónræn áhrif tengivirkis á iðnaðarlóð í landi Lækjartúns. Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við umræddar breytingar.

Virðingarfyllt

  
Björn Stefánsson  
sérfræðingur

  
Axel Benediktsson  
sérfræðingur